


Hér er fjallað um fjögur algeng mistök sem geta átt sér stað þegar verið er að innleiða viðhaldsstjórnunarkerfi í fyrirtæki. Þessar villur geta dregið úr framleiðni og hagkvæmni þess að nota viðhaldsstjórnunarkerfi.

Til mikils er að vinna við að forðast þær, þar sem vandað viðhaldsstjórnunarkerfi er einstaklega öflugt verkfæri fyrir viðhaldsstjórnendur til þess að straumlínulaga ferla, auka skilvirkni og lækka viðhaldskostnað.



Forðastu þessi algengu mistök fyrirtækja vegna viðhaldsstjórnunarkerfa

1. Ófullnægjandi notkun á viðhaldsstjórnunarkerfi

Algengt er að sjá villur sem rekja má til notenda, svo sem að gleyma að skrá upplýsingar, að skrá ófullnægjandi upplýsingar eða að sleppa að framkvæma reglubundnar viðhaldsúttektir sem kerfið sér um að minna á.

Þessar villur geta við fyrstu sýn virst smáar en geta fljótt undið upp á sig og orðið að stærri vandamálum síðar, sem kosta fyrirtæki bæði tíma og fjármuni, sérstaklega í ósveigjanlegum viðhaldshugbúnaði. Mikilvægt er að hafa í huga að viðhaldsstjórnunarkerfi snýst ekki bara um hugbúnaðinn sjálfann, heldur líka um hvernig notendur skrá í kerfið og nota upplýsingarnar sem það geymir.

2. Ófullnægjandi innleiðing og þjálfun

Algeng mistök eru að fela innleiðingu á viðhaldsstjórnunarkerfi aðila, sem hefur litla eða enga þekkingu á viðhaldi eða reynslu af innleiðingu viðhaldsstjórnunarkerfis. Þessu verkefni þarf að fela aðila eða teymi með mikla þekkingu, sem gerir þeim kleift að hafa aðgang að heildareignaskrá fyrirtækisins og stilla viðhald hverrar eignar á réttan hátt.

Skortur á réttri þjálfun og undirbúningi fyrir alla meðlimi viðhaldsteymisins getur skapað mörg vandamál. Ef að viðhaldsstarfsmaður fær ekki skýr fyrirmæli er hætta á að þeir noti eigin aðferðafræði þegar þeir nota hugbúnaðinn, sem veldur því að gögnin í kerfinu verða ruglingsleg og óskipulögð.

3. Verkstjórnunarmistök

Sumir stjórnendur vanrækja að skilgreina skýr hlutverk fyrir hvern meðlim í viðhaldsteyminu eða skilgreina ekki skýrt hvaða væntingar og kröfur eru gerðar til þessara hlutverka. Mikilvægt er að skilgreina þessa þætti skýrt í viðhaldsstjórnunarkerfinu til þess að forðast misskilning um hver gerir hvað og hvenær, en slíkt getur leitt til kostnaðarsamra mistaka.

Að auki er mikilvægt að sjá til þess að bæði milli- og efristjórnendur geti bæði skilið og notað viðhaldsstjórnunarkerfið. Þetta tryggir að verkefnum á sviði eignastjórnunar sé rétt úthlutað og allir í viðhaldsteyminu séu ábyrgir fyrir sínu hlutverki í ferlinu.

4. Skortur á tíma og fjármagni vegna innleiðingar

Því fleiri eignir sem til staðar eru, þessu meiri fjármagni og tíma þarf að eyða í viðhald.

Viðhaldsstjórnun á að vera stöðugt ferli, þ.e. viðhaldsstarfsmenn þurfa að verja tíma mánaðarlega, vikulega og jafnvel daglega til þess að tryggja að þetta ferli gangi vel fyrir sig. Þannig tryggir fyrirtækið að öllum markmiðum vegna viðhalds sé mætt og stuðlar að meiri árangri í stað þess að hindra hann.

Maintx er öflug hugbúnaðarlausn til þess að annast stjórnun á viðhaldi á öllum eignum fyrirtækja/stofnana, sem þarfnast þess að viðhald þeirra sé fyrirfram ákveðið og framkvæmt á réttum tíma.

Hafðu samband og fáðu kynningu á Maintx án kostnaðar eða skuldbindingar af þinni hálfu.

www.maintx.is